



Reykjavík, 6. júní 2024
VEL24050048

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Á fundi velferðarráðs þann 5. júní 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirkir frá 1. júní 2024, sem hér segir:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6+	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu reglubreytingarinnar í b-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um, hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning lögð fram á fundi velferðarráðs 5. júní 2024.



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Hækkun tekjumarka í reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning

Lagt er til að samþykkt verði hækkun tekjumarka sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning, afturvirktt frá 1. júní 2024, sem hér segir:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6+	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866

Kostnaður vegna tillögunnar rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Þann 17. maí 2024 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016. Breytingarnar tóku gildi þann 1. júní 2024. Í breytingunum felst hækkun á grunnfjárhæð húsnæðisbóta, breyting á stuðlum við útreikning grunnfjárhæða auk þess sem flokkum varðandi fjölda heimilismanna, í tengslum við útreikning á grunnfjárhæð húsnæðisbóta og tekjumarka, er fjölgað um tvo.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæðir tekjumarka hækki í samræmi við breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og að tveir flokkar bætist við vegna tekjumarka fimm og sex eða fleiri heimilismanna. Lagt er til að breytingin taki gildi þann 1. júní 2024 í samræmi við breytingar á lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Núgildandi tafla varðandi tekjumörk í 5. gr. er svohljóðandi:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.526.505	9.408.131	627.209	784.011
3	8.811.518	11.014.398	734.293	917.866
4 eða fleiri	9.545.812	11.932.265	795.484	994.355



Lagt er til að tafla varðandi tekjumörk 5. gr. verði svohljóðandi:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.690.772	7.113.465	474.231	592.789
2	7.568.727	9.460.909	630.727	788.409
3	8.820.697	11.025.871	735.058	918.823
4	9.560.497	11.950.621	796.709	995.885
5	10.357.206	12.946.508	863.101	1.078.876
6 eða fleiri	11.153.914	13.942.393	929.493	1.161.866

Heildaráætlun ársins 2024 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er 1.677 m. kr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda velferðarsviðs.